

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2019

Sent rafrænt með tölvupósti á nefndasvið@althingi.is

Efni: Athugasemdir við 317. mál – frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta

Undirritaður vill koma á framfæri athugasemdum við þá breytingu sem felst í c. lið 1. gr. framangreinds frumvarps. Í ákvæðinu er lagt til að 3. málslíður 4. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 verði felldur brott, en hann hljóðar svo í núgildandi lögum:

„Tekjum af leyfum til nýtingar lands skv. 2. mgr. skal varið til landbóta, umsjónar, eftirlits og sambærilegra verkefna innan þjóðlendna, eftir nánari ákvörðun ráðherra.“

Í athugasemdum með frumvarpi því sem nefndin hefur til umfjöllunar er breytingin rökstudd á þá leið að með henni sé verið að fella úr lögnum markaðan tekjustofn í samræmi við þá meginreglu laga um opinber fjármál að ekki séu markaðir tekjustofnar í einstökum lögum.

Undirritaður vill benda nefndinni á að í þessum rökstuðningi er ekki tekið fullnægjandi tillit til tilgangs 3. málslíðar 4. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998. Tilgangurinn með ákvæðinu er ekki sá að búa til markaðan tekjustofn, heldur að tryggja þjóðlendum ákveðna sérstöðu umfram aðrar eignir ríkisins. Þannig sagði eftirfarandi í frumvarpi því er varð að lögum nr. 58/1998:

„Í þessu frumvarpi [að lögum nr. 58/1998] er á því byggt að ekki beri að fara með þjóðlendur eins og hefðbundnar eignir ríkisins, svo sem einstakar lóðir eða jarðir, heldur fari ríkið í þessu tilviki með varðveislu og forræði sameiginlegra gæða þjóðarinnar, þó svo að taka verði tillit til hagsmuna þeirra sem þegar hafa áunnið sér réttindi til nytja innan þeirra. Af þessu leiðir að lagt er til að tekjum sem kunna að falla til vegna gjalda (leigu) fyrir afnot lands og landsgæða innan þjóðlendu verði varið sérstaklega í þágu verkefna innan þjóðlendna, en renni ekki í ríkissjóð eða einstaka sveitarsjóði. Þjóðlendum fá með þessu sérstöðu sem um margt svipar til sjálfseignarstofnana. Er þar enn höfð í huga hin sögulega sérstaða þessara landsvæða.“

Sú breyting sem lögð er til í c. lið 1. gr. frumvarpsins er samkvæmt þessu ekki eingöngu breyting á fyrirkomulagi gjaldtöku heldur felur hún einnig í sér breytingu á *eignarformi* þjóðlendna. Nái breytingin fram að ganga verða þjóðlendum þannig ekki sjálfseignarstofnanir (eða afbrigði slíkra stofnana) heldur fasteignir í eigu ríkisins. Sérstaða þjóðlendna á meðal eigna ríkisins verður því minni en áður.

Að sjálfsögðu er það pólitísk ákvörðun hvort þessu fyrirkomulagi verði breytt, en nauðsynlegt er að löggjafinn átti sig á því að í breytingunni felst ekki eingöngu tilfærsla formlegs eðlis á fjármunum ríkisins. Breytingin hefur það í för með sér að þjóðlendum verða að stærstum hluta eins og aðrar eignir í eigu ríkisins. Ekki hafa verið færð rök fyrir því í frumvarpinu hvers vegna þörf er á að breyta eignarformi þjóðlendna með þessum hætti.

Virðingarfyllst,

Víðir Smári Petersen, lögmaður (hrl.)